

Nd.

31. Frumvarp til laga

um námsskeið fyrir atvinnulausa unglunga í bæjum og kaupstöðum.

Flm.: Sigurður Einarsson.

1. gr.

Skólanefndum í bæjum og kaupstöðum er heimilt að efna til námsskeiða að vetrinum fyrir atvinnulausa unglunga, og skulu námsskeiðin kostuð af ríki og bærar- eða hreppsfélagi í sameiningu.

2. gr.

Bærar- eða hreppsfélag leggur húsnæði, ljós, hita, áhöld öll og efni til kennslunnar. Skólanefnd ræður kennara til starfans og semur um kaup þeirra, en skólastjórar harnaskólanna sjá um daglega stjórn og framkvæmd.

Nú efnir skólanefnd til námsskeiðs fyrir atvinnulausa unglunga, er ekki standi skemur en 3 mánuði, og kennsla hvers nemanda 12 stundir á viku eða meira, og greiðast þá úr rikissjóði 8 krónur fyrir mánaðar kennslu hvers nemanda. Að öðru leyti ber hlutaðeigandi bærar- eða hreppsfélag kostnað af námsskeiðunum. Námsskeiðin eru bæði fyrir pilta og stúlkur. Kennsla er ókeypis.

3. gr.

Kenna skal á námsskeiðum þessum eftirtaldar námsgreinar: Móðurmál, reikning, leikfimi, söng, smíðar, hannyrðir, saumaskap og hvað annað verklegt nám, er henta þykir. Leggja skal aðaláberzluna á hið verklega nám og leitast við að efla smekkvísi, lagni og verkunnáttu nemenda við algengustu nauðsynjastörf. Smíðisgripir sína og saumaskap eiga nemendur sjálfir að náminu loknu.

Að öðru leyti setur kennslumálaráðherra reglugerð um námsskeiðin, eftir tillögum fræðslumálastjóra og skólanefndar á hverjum stað.

4. gr.

Skólanefndir í bæjum og kaupstöðum auglýsa námsskeið þessi í septembermánuði ár hvert.

Nú gefa sig fram 25 atvinnulausir unglingar eða lögráðamenn þeirra, og er skólanefnd þá skylt að efna til námsskeiðs samkv. þessum lögum, en heimilt þó færri séu.

5. gr.

Skýrslu um námsskeið fyrir atvinnulausa unglunga í bæjum ber að senda fræðslumálastjóra ár hvert, ásamt skýrslum um barnaskólana.

Greinargerð.

Það er hverjum manni kunnugt, að atvinnuleysi færir i vöxt meðal unglunga í bæjum, en aðstaða margra heimila þannig, að þau geta ekki sett börnin til náms, eða séð þeim á annan hátt fyrir sémilegu umhverfi, félagskap og hollum viðfangsefnum. Iðjuleysi unglunganna leiðir svo aftur til þess, að þeir dragast oft út í miður heppilegan félagskap og athafnir, og eru þess ekki allfá dæmi, að leitt hefir til afbrota og ófarnaðar.

Það er reynsla allra þjóða, þeirra, er við atvinnuleysi hafa átt að stríða, að því fylgir hin mesta mannspilling. Á engum kemur hún eins hart niður eins og unglungum og æskumönnum. Ábugamál, hugsjónir og viðfangsefni skortir, lífsfjör og manndómur dvin, og ef ekki er að gert, þá biður æskumaðurinn oft það tjónið, sem erfiðast er úr að bæta, lómun á starfslund sinni og starfsvilja.

Nú er það talin sjálfsgöð skylda með öllum þjóðum að vernda unglunga, eftir því sem kostur er, frá slikum vandræðum, með því að gefa þeim, er ekki hafa nám eða vinnu með höndum, kost heilbrigðra og göfgandi viðfangsefna. Frv. þessu er ætlað að vera spor í þá átt hér á landi. Skólanámið, sem þar er gert ráð fyrir, er að visu ekki mikið, en það gefur tilteknum æskumannahópi, sem nú er atvinnulaus og eftirlitslaus, tækifæri til starfs og samvista undir stjórn kennara, gefur viðfangsefni, og á að vera þess megnugt að bægja atvinnulausum æskumönnum frá algeru athafnaleysi eða öðrum og skaðlegum athöfnum.

Að því er ríkissjóð snertir má óhætt gera ráð fyrir, að hér verði ekki um mikil útgjöld að ræða. Húsnæði það, er skólanefndir hafa tök á, og aðrar ástæður munu verða þess valdandi, að víðast mun byrjað smátt. Skipulagið er haft sem einfaldast, til þess að síður verði á móti því haft að gera þessa tilraun, t. d. með því að hér sé um nýja tegund skólastarfssemi að ræða. Verksvið skólastjóra og skólanefnda í bæjum og kaupstöðum aðeins fært nokkuð út, látið ná til fermdra unglunga, sem þessir aðilar af uppeldisfræðilegum ástæðum hljóta að telja sér viðkomandi.

Ástæður atvinnulausra unglunga eru yfirleitt þannig, að ekki tjáir að ætla þeim að bera kostnað af námi sínu og skólastarfinu. Fyrirkomulagið er um þessi atriði sniðið eftir því, sem líðkæzt hefir víða erlendis, að bæjarfélagið greiði allan annan kostnað af skólahaldinu en framlag ríkissjóðs. Að svo stöddu getur ekki orðið um það sagt, hve miklu sú upphæð kann að nema á einstökum stöðum. Hún hlýtur jafnan að nema einhverju, ef slik námsskeið yrðu fjölsótt. Hinsvegar er þess að gæta, að það getur engum stjórnendum bæja og stjórnendum uppeldismála í þeim legið í léttu rúmi, hversu fer um atvinnulausa unglunga, hvort bæjarfélagið má vænta sér í þeim starfsamra borgara með „normal“ afstöðu til lífsins og mannfélagsins, þegar raknar úr, eða ósjálfbjarga manna, sem atvinnuleysi æskuáranna og hirðuleysi samborgaranna markaði sljóleika, vonleysi og úrræðaleysi, eins og oft hefir orðið reyndin.

Nánar í framsögu.